

Nd.

459. Breytingartillaga

[33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Aftan við 17. gr. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Allur fiskur, sem veiðist frá 24. desember 1950 og þar til Alþingi hefur sett lög, er tryggja það, að vélbátafloinn verði gerður út og numið með þeim þetta bráðabirgðaákvæði úr gildi, skal framleiðendum hans og þeim innlendum aðilum, er hann eignast, frjáls til sölu erlendis, hvert sem þeir vilja, og er útflytjendum heimilt að nota gjaldeyri þann, er þeir fá fyrir þann fisk, til kaupa á eftirtöldum vörum:

Kornvörum, sykri, kaffi, kakaó, trjáviði og trjávörum, pappír og pappa og vörum úr því, hvers konar vefnaðarvörum, hráefnum til vefnaðar, garni, tvinna og öðrum vörum til fatnaðar, skófatnaði, búsaðöldum, sementi og öðrum byggingarvörum, hvers konar hráefnum til íslenzks iðnaðar, gleri og glervörum, bókum, skólavörum, kvikmyndum, nýjum og þurrkuðum ávöxtum og hvers konar vörum til útgerðar.

Útflytjandi sá, er flytur vörurnar út, veitir banka þeim, er innheimtir fyrir hann, upplýsingar um vöruverðið og fær hjá bankanum kvittun fyrir, að hann hafi rétt til kaupa á jafnhárru upphæð til innflutnings á hinum leyfðu vörum í gjaldeyri þeim, er hann hefur selt í, eða ef um frjálsan gjaldeyri er að ræða, í samsvarandi gjaldeyri, er bankinn geti skipt. Er kvittunin fullgild skuldbinding bankans til yfirfærslu.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja það að almennu skilyrði fyrir útflutningi, að fyrir fiskinn hafi verið greitt lágmarksverð, er hann var tekinn til söltunar eða frystingar. Sömuleiðis má hún setja lágmarksverð á hinn útflutta fisk fullunninn. En auglýsa skal hún hvort tveggja fyrir 31. des. 1950. Um verðlag hinna innflutta vara gilda venjuleg verðlagsákvæði.